

kastalar – kokteilar og kósú

Um miðjan nóvember héldu fjórar núverandi og fyrrverandi LC sjöur í ferðalag til Windsor í Bretlandi. Ástæða ferðarinnar var Góðgerðarball Alheimsforseta hennar Alexöndru Bennett en tilgangurinn var að njóta samverunnar og skapa góðar minningar. Við vorum mættar á staðinn um hádegi á fimmtudegi og var dagurinn nýttur í að prófa hina ýmsu kokteila á hinum ýmsu stöðum bæjarins ásamt því að næra okkur inn á milli. Eitthvað þurftum við nú að kíkja í búðir á



föstudeginum til þess að fylla á ferðatöskurnar okkar og vorum við nú duglegri þann daginn að smakka hinar ýmsar tegundir af gjini og var að nægu að taka. Á laugardeginum vorum við búnar að panta okkur borð á dásemdar bresku tehusi. Þar sátum við heillengi í umhverfi sem var draumi líkast, sötruðum á kampaívni, drukkum te, og auðvitað stóð litli puttinn beint út í loft á meðan, og gæddum okkur á hinum ýmsu bresku smáréttum. Þessi stund verður klárlega eitthvað sem við



eigum allar eftir að minnast lengi og vel. Einnhver „last minute shopping“ voru gerð á leiðinni upp í íbúð þar sem við fórum svo að græja okkur fyrir ballið. Viðburðurinn var virkilega flottur í alla staði. Tekið á móti okkur með freyðivíni, þriggja rétta málsverður með borðvíni og fallegar gjafir biðu allra við hvert sæti. Það var mikið hlegið, spjallað við nýjar vinkonur sem og gamlar og svo var hælaskónum svo auðvitað sparkað af sér og haldið á dansgólfið. Við höldum heim á leið á sunnudeginum með fullt af skemmtilegum minningum. Svona ferð skilur eftir sig er svo ótal margt en samveran með kærum vinkonum er samt efst á lista en það að fara á LC viðburði er líka einstakt og langar mig til þess að hvetja ykkur til þess að prófa. Það eru alltaf einhverjir viðburðir um allan heim og erlendir gestir eru alltaf velkomnir. Ég skal lofa ykkur því að það verður alltaf tekið vel á móti ykkur og þið komið reynslunni ríkari heim.

Hildur Ýr LC-7

